


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	MYL 103 Kennsluáætlun haust 2013	
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennarar: Björg Eiríksdóttir, BJE, bjorg@vma.is
Guðmundr Á. Sigurjónsson, GÁR, garmann@vma.is
Hallgrímur Ingólfsson, HGI, hallgrimur@vma.is

Viðtalstímar: Miðvikudaga 11:20-12:00
Þriðjudaga 10:00-10:40
Mánudaga 11:25-12:05

Áfangalýsing

Alhliða þjálfun í teiknifærni. Nemendur þjálfu hæfileikann til að umbreyta þrívíðu formi í tvívíða teikningu og nota ýmsar hjálparaðferðir til þess að efla sjónskilning og sjónminni. Nemendur fá innsýn í stærðfræði og fagurfræði mannlíkamans. Þeir beita bæði agaðri og frjálsri teikningu í túlkun á fyrirmynd. Teiknað og mótað er eftir lifandi fyrirmynd, beinagrind og ljósmyndum, með m.a. viðarkolum, blýanti, bleki og leir. Nemendur ígrunda verk sín í samvinnu við kennara og aðra nemendur.

Markmið

Að nemandinn með þjálfun

- dýpki skilning sinn á margbreytileika þeirra forma, hlutfalla og spennu sem mannlíkaminn býr yfir.
- dýpki skilning sinn á burðargetu og styrk beina- og vöðvabyggingar mannlíkamanns.
- dýpki skilning sinn á þeim samhljómi sem er á milli módelteikningar og beina og vöðvabyggingar mannlíkamanns.
- dýpki skilning sinn á þeirri tengingu, sem er milli hverskonar hönnunar og uppbyggingar mannlíkamanns.
- dýpki skilning sinn á listrænni vinnu, að skynja og túlka það sem hann sér og upplifir.
- dýpki skilning sinn á verklegri færni við að teikna mannlíkamann.
- þjálfist í að byggja teikningu sína á rannsóknarvinnu.
- ígrundi vinnu sína og beiti gagnrýnni hugsun í teiknináminu.



Námsmat

Próflaus áfangi. Öll verkefni nemenda eru metin. Símat, kennaramat, sjálfsmat, ígrundun, leiðsagnarmat. Til grundvallar matinu:

Verkin sjálf eða afraksturinn 45% (afrakstur í tengslum við ætlan, notkun grunnreglna, vald á efnunum og aðferðum).

Ferlið eða hvernig nemandi ber sig að við vinnuna 50% (opinn hugur, frumleiki, vinna úr upplýsingum, ígrundun, rannsókn, verkleg færni, virðisauki og ögrun).

Mæting 5%.


Verkefni

1. Rannsóknarvinna, þar sem módelið er í löngum stöðum. Áhersla er lögð á að greina jafnvægi, hlutföll og hreyfingu í stöðunni og til þess notuð ýmis hjálparmeðöl.
2. Hraðteikningar, með mismunandi aðferðum og áhöldum þar sem lögð er áhersla á túlkun og tjáningu.
3. Leirmótun til hjálpar við að skynja þrívíða formið og yfirfæra það í tvívídd.
4. Vinna í skissubók heima og í skóla, nánari skoðun á módeli og teiknistíl.
5. Módelisaga, mynddiskur, How Art Made the World.

Gangi ykkur vel!

Með fyrirvara um breytingar.

Eftir prófsýnidag geymir skólinn ósótta vinnu í eitt ár án ábyrgðar.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	MYL 103 Kennsluáætlun haust 2013	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 2		

Undirritun kennara + dagsetning

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils